

372. fundur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 8. júní 2023 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.

Mætt:

Björn H Hilmarsson
Júníana Björg Óttarsdóttir
Auður Kjartansdóttir
Jón Bjarki Jónatansson
Michael Gluszuk
Margrét Sif Sævarsdóttir
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund og bauð fundarmenn og gesti velkomna. Var að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

1) **Farsæld barna**

Sigrún Ólafsdóttir og Ingveldur Eyþórsdóttir mættu á fundinn með kynningu um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna.

2) **Kosning forseta bæjarstjórnar til eins árs.**

Tillaga kom um Björn H Hilmarsson.
Tillagan var samþykkt samhljóða.

3) **Kosning 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar til eins árs.**

Tillaga kom um Michael Gluszuk sem fyrsta varaforseta og Júníönu Björgu Óttarsdóttur sem annan varaforseta.
Tillagan samþykkt samhljóða.

4) **Kosning þriggja aðila og jafnmargra til vara í bæjarráð til eins árs.**

Tillaga kom um eftirfarandi:

aðalmenn

Júníana Björg Óttarsdóttir
Auður Kjartansdóttir
Fríða Sveinsdóttir

varamenn

Björn H Hilmarsson
Jón Bjarki Jónatansson
Margrét Sif Sævarsdóttir

Tillagan samþykkt samhljóða.

5) **Fundargerð 339. fundar bæjarráðs, dags. 16. maí 2023.**

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

6) **Fundargerð 171. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 1. júní 2023.**

Til máls tóku FS, KJ, AK, BHH, JBJ

Bæjarstjórn óskar eftir rökstuðningi frá nefndinni varðandi afgreiðslu 1. liðs fundargerðarinnar.
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

7) **Fundargerð 143. fundar hafnarstjórnar, dags. 17. maí 2023.**

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

8) **Fundargerð fræðslunefndar, dags. 8. maí 2023.**

Til máls tóku AK, JBJ, JBÓ, BHH, KJ

Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að fela bæjarstjóra að ræða við skólastjóra um leikskólaselid við Lýsuhólsskóla.

Bæjarstjórn samþykkti jafnframt að fela umhverfis- og skipulagsnefnd að fara yfir samræmingar og úrbætur á merkingum við stofnanir bæjarins.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

MSS
B
BHH
Au
Me
JBJ
JBÓ
BHH
KJ

- 9) **Fundargerð menningarnefndar, dags. 9. maí 2023.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 10) **Fundargerðir ungmennaráðs, dags. 8. ágúst, 7. nóvember og 20. desember 2022, og 16. janúar, 1. febrúar og 24. apríl 2023.**
Fundargerðirnar samþykktar samhljóða.
- 11) **Fundargerð 1. fundar stýrihóps um heilsueflandi samfélag, dags. 25. maí 2023.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 12) **Fundargerð spretthóps um úrræði fyrir leikskólabörn vegna styttingu vinnuvikunnar, dags. 30/5 2023.**
Til máls tóku AK, FS, BHH, MSS
Bæjarstjórn samþykkti að hópurinn fundaði næst með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra til að viðra þessar og fleiri hugmyndir með þeim.
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 13) **Fundargerð aðalfundar byggðasamlags um rekstur Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, dags. 2. maí 2023.**
Lagt fram til kynningar.
- 14) **Fundargerð aðalfundar Jeratúns ehf., dags. 24. maí 2022.**
Lagt fram til kynningar.
- 15) **Fundargerð 214. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 25. apríl 2023.**
Lagt fram til kynningar.
- 16) **Fundargerð 181. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 8. maí 2023, ásamt dagskrá fræðslufundar um fráveitumál á Vesturlandi sem haldinn var fimmtudaginn 25. maí s.l.**
Til máls tók AK og sagði frá fræðslufundinum sem hún og Ragnar, forstöðumaður tæknideildar, mættu á.
Lagt fram til kynningar.
- 17) **Aðalfundarboð Nývest ses, þann 6. júní 2023.**
Lagt fram til kynningar.
- 18) **Fundargerð 925., 926., 927. og 928. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 28. apríl, 17. maí, 26. maí og 2. júní 2023.**
Lagt fram til kynningar.
- 19) **Fundargerð 453. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 17. maí 2023.**
Lagt fram til kynningar.
- 20) **Fundargerð 72. fundar stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 19. apríl 2023.**
Lagt fram til kynningar.
- 21) **Bréf frá Jóni Guðmanni Péturssyni, dags. 2. júní 2023, ásamt athugasemdum við álit og leiðbeiningar SÍS til sveitarfélaga vegna álits Umboðsmanns og úrskurðar dómsmálaráðuneytis vegna ágangsfjár.**
Bæjarstjóri fór yfir málið.
Lagt fram til kynningar.
- 22) **Bréf frá Strandveiðifélagi Íslands, dags. 26. maí 2023, varðandi ósk um áskorun frá sveitarfélaginu vegna strandveiða.**
Lagt fram til kynningar.


JIB
MSS
BHH
AU
FS
FJ
au

- 23) **Bréf frá starfsfólki Lýsudeildar Grunnskóla Snæfellsbæjar, dags. 31. maí 2023, varðandi ástand húsnæðis Lýsudeildar.**
Bæjarstjóri fór yfir málið. Verið er að vinna í ástandi húsnæðisins ásamt því að fyrirhugað er að flytja á svæðið hús til að leysa húsnæðisvandann. Vonir standa til að búið verði að laga hluta vandans fyrir skólabyrjun í haust, en að öllum líkindum verður nýja húsið ekki tilbúið til notkunar þá.
Bæjarstjórn gerir sér grein fyrir vandanum og það er unnið að lausn eins hratt og hægt er.
- 24) **Bréf frá Kili, stéttarfélagi, dags. 19. maí 2023, varðandi tilkynningu um niðurstöðu atkvæðagreiðslu félagsmanna Kjalar um verkföll.**
Lagt fram til kynningar.
- 25) **Bréf frá starfsfólki leikskóla Snæfellsbæjar, dags. 31. maí 2023, varðandi kjaramál.**
Bæjarstjóri fór yfir málið. Það er alltaf erfitt að standa í kjarabaráttu, en telur hann þó rangt sem fram kemur í bréfinu að Snæfellsbær mismuni starfsfólki sínu sem sinni sömu störfum. Það er hins vegar skiljanlegt að stéttarfélög berjast fyrir betri kjörum fyrir sitt fólk eftir þeim leiðum sem standa til boða.
Til máls tóku FS, MSS, JBJ, BHH
Bæjarstjórn vill ítreka það að við fyrirkomulag starfsemi stofnana í verkfalli, þá er það skýrt að forstöðumenn eiga að fara eftir því sem þeirra yfirmenn gefa út. Snæfellsbær fer eftir þeim leiðbeiningum sem gefnar eru út af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og miðlar þeim leiðbeiningum til forstöðumanna sem eiga að fara eftir þeim.
Bæjarstjórn vonar að samningsaðilar setjist við samningsborðið og nái saman um nýjan kjarasamning sem allra fyrst.
- 26) **Bréf frá Kili, stéttarfélagi, dags. 31. maí 2023, varðandi verkfallsbrot á leikskólum Snæfellsbæjar.**
Lagt fram til kynningar.
- 27) **Bréf frá Skógræktarfélagi Íslands, dags. 22. maí 2023, varðandi Betra – og grænna – Ísland.**
Lagt fram til kynningar.
- 28) **Bréf frá leikskólastjórnendum Snæfellsbæjar, ódags., varðandi fjölda barna á leikskóla Snæfellsbæjar í dymbilvikunni og tillögur að fullri styttingu vinnuvikunnar.**
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að vísa þessu erindi til umræðu í bæjarráði.
- 29) **Bréf frá bæjarritara, dags. 6. júní 2023, varðandi ósk um aukafjárveitingu vegna matarinnkaupa í grunnskóla og leikskóla Snæfellsbæjar.**
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða aukafjárveitingar til grunnskóla og leikskóla skv. því sem fram kemur í erindinu.
- 30) **Tillaga að gjaldskrá leikskólagjalda í Snæfellsbæ, sem taka á gildi 1. ágúst 2023.**
Bæjarstjórn samþykkti að vísa gjaldskránni til nánari úrvinnslu hjá bæjarritara þar sem tekið er tillit til þessara tveggja klukkutíma á viku sem leikskólinn er lokaður.
- 31) **Fyrirspurnir frá J-listanum:**
- a) **Hver er staðan á geymslsvæðinu fyrir gáma í Rífi?**
Bæjarstjóri sagði frá því að nú er hægt að fara með gám á geymslsvæðið um leið og búið er að gera samning þar um. Bæjarstjórn samþykkti að fela forstöðumanni tæknideildar að auglýsa geymslsvæðið.
- b) **Hver er staðan á líkhúsinu í Ólafsvík**
Bæjarstjóri sagði frá því að ekki er enn búið að ræða við HVE, en mun fara í það og kynna það á fundi bæjarstjórnar í september. JBJ
- c) **Hver er staðan með stöðu slökkviliðsstjóra?**
Bæjarstjóri sagði frá því að hann er búinn að vera í sambandi við Björgu, bæjarstjóra í Grundarfirði, og ýmsar hugmyndir komið fram en ekkert verið fastsett. Áfram verður unnið með þessar hugmyndir og niðurstaðan kynnt fyrir bæjarstjórn. FS
BHH

- d) **Er komin niðurstaða um það hvernig þakið á að vera á grunnskólanum á Hellissandi?**
Bæjarstjóri sagði frá því að verið sé að biða eftir iðnaðarmönnum sem eiga að taka út ástandið á þakinu og gera kostnaðaráætlun fyrir þá möguleika sem eru í stöðunni þegar ástandsskoðun er lokið.
- e) **Útskýringar á verkfallsbrotum í leikskólanum?**
Þegar erúið að fara yfir þessi mál undir öðrum liðum.
- 32) **Bréf frá bæjarstjóra, dags. 6. júní 2023, varðandi heimgreiðslur til foreldra.**
Bæjarstjórn samþykkti að fela bæjarritara að uppfæra núverandi reglur miðað við umræðuna á fundinum. Reglurnar verða lagðar fyrir bæjarráð til samþykktar.
- 33) **Bréf frá bæjarstjóra, dags. 6. júní 2023, varðandi sorpmál í Snæfellsbæ.**
Bæjarstjóri fór yfir stöðuna í sorpmálunum í dag og hvað sé framundan.
- 34) **Vinabýjarvitjan: heimsókn frá Vestmanna í Færeyjum á Ólafsvíkurdögum í sumar.**
Bæjarstjórn samþykkti að setja Auði og Júníönu í nefnd til að skipuleggja dagskrá fyrir helgina.
- 35) **Umboð til bæjarráðs í sumarleyfi bæjarstjórnar.**
Forseti bæjarstjórnar gerði það að tillögu sinni að næsti reglulegi fundur bæjarstjórnar verði fimmtudaginn 7. september n.k. og að bæjarráði verði veitt fullt umboð til fullnaðarafgreiðslu mála í samræmi við 4. mgr. 8. gr. og 4. mgr. 32. gr. samþykktar um stjórn Snæfellsbæjar. Tillagan samþykkt samhljóða.
- 36) **Minnispunktur bæjarstjóra.**
- Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðslufirlit ársins.
 - Bæjarstjóri fór yfir stöðuna á framkvæmdum við rennibrautina í sundlauginni.
 - Bæjarstjóri sagði frá því að sjávarútvegsskólinn myndi halda sínu striki í næstu viku.
 - Íbúafjöldi Snæfellsbæjar er kominn upp í 1702 í dag.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:36


Björn H Hilmarsson



Jónína Björg Óttarsdóttir


Michael Gluszek



Auður Kjartansdóttir


Margrét Sif Stevardsdóttir


Jón Bjarki Jónatansson


Fríða Sveinsdóttir


Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari